85 1. júlí beiningar og frekari birtingar, að jeg samkvæmt heimild þeirri, er mjer er til þess veitt í konungsúrskurði 16. apríl 1887 fellst á tillögur yðar í þessu efni, og skal jeg jafnþjónustusamlega skora á yður að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að þessu geti framgengt orðið, og býst jeg við skýrslu um það á sínum tíma.

86 1. júlí **Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* um lán handa prestakalli til húsabyggingar.** — Út af erindi því frá prestinum að Söndum í Dýrafirði, sjera Kristni Daníelssyni, er jeg meðtók með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, dags. í gær, og samkvæmt tillögum yðar í nefndu brjefi vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki 1500 kr. embættislán upp á Sandaprestakall, til að byggja á staðnum í stað núverandi baðstofu, búrs, eldhúss, gangs og bæjardyra, traust og vandað timburhús 14 álnir á lengd og 6 álnir á breidd, með áföstum skúr meðfram annari hliðinni, 4 álna breiðum og jafnlöngum húsinu, hvorttveggja undir járnþaki og járnvarið mót helztu regnáttum, með þeim skilyrðum, *að* lánið ávaxtist og endurborgist af tekjum prestakallsins, sjerstaklega uppbótinni úr landssjóði, með jöfnum afborgunum á 20 árum, *að* byggingunni sje lokið sama árið og lánið er tekið og að hún fari fram með tilsjón prófasts, *að* síðari helmingur lánsins verði ekki tekinn fyrr en sannað er með lögmætri skoðunargjörð og virðingargjörð að hið fyrirhugaða hús sje fullgjört og í áskildu standi og að það sje að minnsta kosti eins mikils virði eins og allt lánið að viðbættu virðingarverði hinna niðurlögðu staðarhúsa með hæfilegu álagi eptir mati tilkvaddra, þar til hæfra virðingarmanna, *að* hið umrædda hús með skúr og öllu, sem fylgja ber, verði eign staðarins í stað hinna niðurfelldu torfhúsa og að presturinn haldi því vel við og að hann eða bú hans skili því í gildu standi eða með fullu álagi og *að* þessu nýja húsi verði sífellt, undir umsjón prófasts, haldið í vátryggingu gegn eldsvoða fyrir að minnsta kosti 1800 kr.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður og háæruverðugi herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

87 10. júlí **Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* um lántökuleyfi handa prestakalli til jarðabóta.** — Út af erindi því frá prestinum að Hesti í Borgarfjarðarprófastsdæmi, sjera Arnóri Þorlákssyni, er jeg meðtók með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, dags. í dag, og samkvæmt tillögum yðar í nefndu brjefi vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki 1600 kr. embættislán upp á Hestþingaprestakall, í viðbót við þær 400 kr., er eptir standa af láni því, er prestakalli þessu var með brjefi mínu 3. okt. 1888 leyft að taka, til þess að framhalda jarðabótum á prestssetrinu Hesti, einkum þó til þess að sljetta tún prestssetursins, en lántökuleyfi þetta er bundið þeim skilyrðum, *að* lánið endurborgist á næstu 20 árum með $^1/_{20}$ árlega auk vaxta, *að* nefndar jarðabætur verði framkvæmdar svo fljótt sem verða má, eptir því sem prestinum kemur saman við hlutaðeigandi prófast um, *að* regluleg skoðunar og matsgjörð, er hlutaðeigandi prófastur með 2 dómkvöddum mönnum framkvæmi, fari fram, þegar presturinn tjáir sig hafa unnið jarðabætur fyrir greindu láni, á jarðabótum þeim, er gjörðar hafa verið síðan 3. þ. m., er skoðunar og matsgjörð fór fram á hinum